

Ú-saga

Það var haust og veðrið var orðið kalt, en inni í leikskólanum var hlýtt og gott að vera. Börnin voru í alþjóðavíku og lærðu um heimsálfurnar og um framandi þjóðir. Þau sungu lög frá öðrum löndum og skemmtu sér konunglega. Allt einu heyrðust háar drunur og gólfið hristist! Hvað var að gerast? Var þetta jarðskjálfti, eða hvað? _____ fannst líka að hann heyrði illgirnilegan hlátur, en hinir krakkarnir heyrðu hann ekki.

Leikskólakennararnir kveiktu á útvarpinu. „Við skulum heyra hvort það séu einhverjar fréttir um þennan jarðskjálfta, krakkar,“ sögðu þeir. En kynnirinn í útvarpinu talaði ekki um jarðskjálfta. Þess í stað sagði hann alvarlegum rómi: „Við tilkynnum að öll útlönd eru horfin. Það verður ekki flogið til útlanda í dag. Vísindamenn standa á gati, en eru sem stendur að reyna að finna útskýringar á þessu dularfulla hvarfi.“

Aftur heyrði _____ sama illkvittnislega hláturinn og í þetta sinn var hann alveg viss um orsökina. Þetta var vondi galdrakarlinn sem var að hrekkja og stela enn eina ferðina. En hvað gat hann gert? Hann reyndi að segja frá því en allir voru í svo miklu uppnámi að enginn var að hlusta. „Það er k o m i n ú t i v i s t n ú n a , “ s ö g ð u leikskólakennararnir allt í einu, „við skulum fara í ævintýraskóginn. Klæðum okkur í útifötin!“

Þegar krakkarnir voru komnir út í skóg heyrði _____ svo ámatlegt ýlfur. „Ú-ú-ú-ú-ú,“ heyrðist. Hvað var nú þetta? _____ fór að kanna málið. Þarna

fann hann lítinn úlf sem var hágrátandi. „Hvað er að, litli úlfur?“ spurði _____. „Możesz mi pomóc?“ spurði úlfurinn kurteislega til baka, en það þýðir „geturðu hjálpað mér?“ á pólsku. „Ég á heima í Póllandi og átti að fara heim í dag, en núna eru útlönd horfin og ég kemst ekki heim!“

„Ég er nokkuð viss um að vondi galdrakarlinn hafi tekið útlöndin,“ sagði _____. „En ég veit ekki hvar hann býr og ég þori heldur ekki að fara aleinn af stað.“

„En ég veit hvar hann býr, og ég skal fara með þér!“ sagði úlfurinn.

„Þá skulum við fara strax af stað svo að við getum bjargað útlöndum sem fyrst,“ sagði _____ rösklega.

Og það gerðu þeir. Þeir gengu yfir fjöll og firnindi, dali og skóga, ár og eyðimerkur, út eyrar og inn firði.

Á Sprengisandi hittu þeir úlfalda sem greinilega var í vanda. Hann var orðinn mjög haltur og gat varla labbað „Ú-ú. Þetta er svo vont!“ sagði úlfaldinn. „Málið er að ég gleymdi að fara í skó af því að ég vissi ekki að Sprengisandur væri stein-eyðimörk og ekki úr sandi eins og Saharaeyðimörkin, og nú er ég með smástein fastan milli hófanna sem ég næ ekki út! Ég ætlaði að fá björgunarsveitina í útkall en kannski getið þið hjálpað mér í staðinn.“

Þetta var nú ekkert mál fyrir _____ og hann fjarlægði steininn undir eins. „Ertu nokkuð í útrýmingarhættu?“ spurði _____ áhyggjufullur, af því að hann hafði heyrt að það væri svo hættulegt.

„Nei, nei,“ sagði úlfaldinn „Ég hafði bara smá útþrá og langaði að skoða heiminn.“

Úlfaldinn var mjög þakklátur. Hann gaf _____ poka í þakkargjöf og sagði: „Mér var sagt að þessi poki væri töfrapoki. Ég veit ekki hvort það sé satt – ég keypti hann á útsölu og kannski virkar hann ekki. Ég vona samt að hann geta komið ykkur að gagni. En er kannski eitthvað annað sem ég get gert fyrir ykkur?“ spurði úlfaldinn. „Ó, já,“ sagði _____. „Ég er orðinn svo þreyttur í fótunum. Gætum við kannski fengið far?“

„Minnsta málið,“ sagði úlfaldinn, og _____ og úlfurinn klifruðu upp á bakið á honum.

Nú gekk förin hratt og vel. Á leiðinni kenndi úlfaldinn þeim að telja upp á tíu á arabísku. Innan skamms voru þremmeningarnir komnir alla leið að kastala galdrakarlsins. „Jæja!“ sagði úlfaldinn. „Ég ætla að láta ykkur niður og halda áfram einn. Ég á nefnilega eftir að skoða Úlfljótsvatn og Úlfarsfell“.

_____ herti upp hugann og bankaði upp á hjá galdrakarlinum. Brátt kom hann til dyra, ósofinn, með úfið hár og orðabók undir handleggnum. „Ú-ú, ég er svo pirraður,“ sagði hann. „Ég skil ekki hvað neinn er að segja. Allir tala bara útlensku í útlöndum. Hver ert þú annars, og af hverju ert þú að trufla mig?“

„Ég heiti _____,“ sagði _____, „og þetta er vinur minn, hann Úlfur. Ég ætla að fá þig til að skila útlöndunum aftur. Þú áttir ekki að taka þau!“

„Hmmm...“ sagði galdrakarlinn, „veistu hvað, ég er svolítið leiður á öllum þessum útlöndum, svo að ég hugsa að ég skili þeim bara. En ég vil fá eitthvað í staðinn. Ég vil fá fallegar myndir af útlöndum, eins og í ferðabókunum. Nei, annars, ég vil fá fallegar myndir af einhverju öðru sem byrjar á Ú, annars ætla ég ekki að skila þeim.“

Nú var _____ í vanda. Hvar átti hann að finna tíu svoleiðis myndir? Átti hann kannski að teikna þær sjálfur? En svo datt honum töfrapokinn í hug. Hann stakk hendinni ofan í pokann og fann að það var eitthvað í honum. Var þetta kannski mynd? Hann tók hana upp úr pokanum. Viti menn, það var

[Barnið tekur 10 myndir upp úr pokanum og fær til baka 10 þjóðfána sem eru á kastalanum].

„Út með þig!“ sagði galdrakarlinn loksins ókurteislega. „Nú skila ég útlöndunum og svo fer ég að sofa.“ Hann snerist á hæl og skellti á eftir sér, en _____ og Úlfur héldu af stað heim á leið.

Þegar þeir komu heim kvöddust þeir en ákváðu að þeir skyldu einhvern tíma fara saman til útlanda og heimsækja allar sjö heimsálfurnar.